

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/65/EB

2009/EES/54/03

frá 27. júní 2008

um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

*I. gr.*með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/439/EBE frá 29. júlí 1991 um ökuskírteini ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 7. gr. a,

Tilskipun 91/439/EBE er breytt sem hér segir:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að breyta skrá yfir tákntölur í I. viðauka og I. viðauka a við tilskipun 91/439/EBE.
 1. Í 2. lið I. viðauka, varðandi blaðsíðu 4 í ökuskírteininu, og í 12. lið a-liðar í 2. lið I. viðauka a, varðandi blaðsíðu 2 í ökuskírteininu, komi eftirfarandi í stað textans fyrir tákntölu 10.02:

„10.02. Ökutæki án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A eða A1)“,
 2. Í 2. lið I. viðauka, varðandi blaðsíðu 4 í ökuskírteininu, og í 12. lið a-liðar í 2. lið I. viðauka a, varðandi blaðsíðu 2 í ökuskírteininu, komi eftirfarandi í stað textans fyrir tákntölu 78.:

„78. Takmarkast við ökutæki án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A eða A1)“,
 3. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:
 - a) eftirfarandi undirliður bætist við lið 2.1.3:

„—öruggur akstur í veggöngum“,
 - b) í stað annarrar og þriðju málsgreinar í lið 5.1 komi eftirfarandi:

„Ef verklega prófið er tekið á ökutæki án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A og A1) skal það skráð í ökuskírteini sem eru gefin út á grundvelli slíks prófs. Skírteini með þessum upplýsingum gilda aðeins við akstur ökutækja án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A eða A1).“
- 2) Breyta skal tákntölu 78, sem takmarkar réttindi til aksturs ökutækja í tilteknum ökuréttindaflokki eingöngu við ökutæki með sjálfskiptingu, í ljósi framfara í vísindum og tækni á þessu sviði.
- 3) Laga þarf lágmarkskröfur vegna ökuþrófs, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 91/439/EBE, að breytingum á skilgreiningunni fyrir tákntölu 78.
- 4) Endurskoða skal lágmarkskröfur sem gilda í fræðilega prófinu og verklega prófinu sem mælt er fyrir um í II. viðauka tilskipunar 91/439/EBE þannig að prófkröfur samræmist kröfum daglegrar umferðar að því er varðar notkun ganga þannig að bæta megi umferðaröryggi á þessum tiltekna hluta vegagrunnvirkjanna.
- 5) Tímabilin, sem mælt er fyrir um í liðum 5.2 og 6.2.5 í II. viðauka við tilskipun 91/439/EBE, hafa reynst ófullnægjandi til viðunandi framkvæmdar á nauðsynlegum ráðstöfunum. Veita skal viðbótartímabil.
- 6) Því ber að breyta tilskipun 91/439/EBE til samræmis við þetta.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 168, 28.6.2008, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, 29.1.2009, bls. 3.

(¹) Stjtið. EB L 237, 24.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/103/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 344).

- c) í stað síðustu málsgreinar í lið 5.2 komi eftirfarandi:

Heimilt er að nota áfram þau prófökutæki fyrir flokka B + E, C, C + E, C1, C1 + E, D, D + E, D1 og D1 + E sem samræmast ekki þeim lágmarksviðmiðunum sem að framan greinir og eru í notkun á þeim degi eða fyrir þann dag sem er tilgreindur í 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/65/EB (*), til 30. september 2013. Heimilt er að aðildarríki láti kröfurnar, sem varða farminn sem fluttur er með þessum ökutækjum, koma til framkvæmda fram til 30. september 2013.

(*) Stjtið. ESB L 168, 28.6.2008, bls. 36.“

- d) í annarri málsgrein í lið 6.2.5 komi „30. september 2008“ í stað „fimm árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi“.
- e) í liðum 6.3.8, 7.4.8 og 8.3.8 bætist „göng“ við sérstöku umferðarmannvirkin sem talin eru upp.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en

30. september 2008. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.